



Reykjavík, 15. mars 2018

Efni: Umsögn um drög að skýrslu starfshóps um endurskoðun skattlagningar ökutækja og eldsneytis.

Samtök ferðaþjónustunnar (Samtökin) hafa kynnt sér drög að skýrslu starfshóps um endurskoðun skattlagningar ökutækja og eldsneytis og eru með eftirfarandi ábendingar.

Samtökin fagna þeirri hugmyndafræði sem skýrslan byggir á um að skapa umhverfi í skattlagningu ökutækja og eldsneytis sem miðar að því minnka kolefnislosun með Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna að leiðarljósi.

Varðandi einstaka þætti þeirra tillagna sem fram koma þá benda samtökin á eftirfarandi þætti:

- **Vörugjöld bifreiða**

Samtökin fara fram á að hugmyndir að útreikningi vörugjalda og aðlögun losunargilda verði slegið á frest þar til áhrif Evróputilskipunar um losunargildi frá framleiðendum hafa að fullu komið í ljós skv. ESB reglugerð 1155/2017. Tilskipunin sem um ræðir hefur í för með sér hækkun á losunargildum og þar af leiðandi aukin vörugjöld og bifreiðagjöld fyrir bíleigendur hér á landi.

- **Vörugjöld bílaleigubifreiða**

Samtökin telja nauðsynlegt að bílaleigubíllinn fái réttmætan sess sem atvinnutæki og verði skattlagður í samræmi við það. Slíkt opnar á útflutning notaðra bílaleigubíla til samræmis við önnur atvinnutæki. Skilvirkni á bílamarkaði mun aukast og flýta fyrir orkuskiptum og þar með styðja við skuldbindingar ríkisins í samræmi við Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna.

- **Mótvægisáðgerðir vegna vörugjalda í öðrum löndum**

Samtökin telja afar athyglisvert að í skýrslunni er vakin athygli á vörugjaldaafsláttum bílaleigubifreiða í Danmörku en ekki tekið fram að í Noregi er VSK ekki lagður á bílaleigubifreiðar sem seldar eru eftir ákveðinn notkunartíma. Vert er að taka fram að í báðum þessum löndum er vörugjald lagt á bifreiðar.

- **Áhrif vegna vaxtar á eftirmarkaði með bifreiðar**

Samtökin sakna þess að hugmyndir að lausnum til að mæta auknu framboði á eftirmarkaði bifreiða eru ekki lagðar fram í skýrslunni. Samtökin hafa bent á að til að mæta vexti á eftirmarkaði væri mögulega hægt að sleppa álagningu vörugjalda á bílaleigubifreiðar og opna þannig fyrir útflutning til samræmis við önnur atvinnutæki. Einnig væri hægt að heimila bílaleigum að leigja út bifreiðar á erlendum númerum í ákveðinn tíma árlega til að minnka þrýsting á eftirbílamarkað.

- **Hópbifreiðar**

Ljóst er að álagning þungaskatts á hópbifreiðar hefur íþyngjandi áhrif á rekstur hópbifreiðafyrirtækja. Samtökin eru algerlega mótfallin þessum áðgerðum án mótvægisáðgerða og telja að skoða verði skattkerfi flutningagreina betur með mótvægisáðgerðir að leiðarljósi.

- **Vöruflutningabifreiðar**

Í skýrslunni er ekki gert ráð fyrir að breytingum á þungaflutningum frá núverandi kerfi. Á meðan krafist er að hópþifreiðar hlíti ákveðnum skilyrðum varðandi losunarkröfur vélbúnaðar, eru vöruflutningabifreiðar undanþegnar slíkum kröfum. Samtökin benda á að gæta verður jafnræðis þegar kemur að skattlagningu á sviðið flutninga og er skattlagning í tengslum við Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna þar ekki undanskilin.

Samtökin áskilja sér rétt að koma með frekari ábendingar á síðari stigum

Virðingarfyllst

f.h. Samtaka ferðapjónustunnar



Gunnar Valur Sveinsson